

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 28. nóv. 2018.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Margrét Pálsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sat fundinn Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landvarnir við Selatanga

Upplýst var af GGK að fengist hefði styrkur frá Vegagerðinni til að fara í landvarnir við Selatanga. Málið er þó enn á frumstigi.

2. Eldfjallabjóðgarður ?

Rætt um friðunarhugmyndir á Reykjanesi. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram í umræðu að stofna ætti eldfjallabjóðgarð á Reykjanesi. Í friðunartillögum til B-hluta náttúruminjaskrár var meiri áhersla á lífríkið en búast má við áherslu á friðun jarðminja í framhaldinu. Stjórn fólkvangis stefnir á að eiga samtal við ríkisvaldið um friðunarmöguleika á Reykjanesi.

3. Bátsferðir á Kleifarvatni

Lagt fram erindi Jóns Símons Gíslasonar fyrir hönd ES Verk dags. 31.10.2018 þar sem óskað er leyfis til að bjóða upp á siglingar á Kleifarvatni í 60 manna víkingabáti til afþreyingar og fræðslu.

Stjórnin samþykkti umsögn þar sem stjórnin lýsti efasemdum um erindið vegna þess að áætlaðar bátsferðir samrýmdust illa ímynd svæðisins, ekki væri verið að kynna náttúru og sögu svæðisins, gæti valdið truflun, hljóðmengun, fyrir veiði og ásýnd ekki síst vegna uppbyggingar sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja sem líklega kallaði á deiliskipulagsgerð.

Afrit af umsögn verður send Umhverfisstofnun, Grindavíkurbæ og Hafnarfirði.

4. Stjórnunaráætlun

Rætt um stjórnunaráætlun sem stjórnin samþykkti 2014. Í stjórnunaráætlun er samantekt um fjölmarga þætti er lúta að fólkvanginum og verkefnum sem mætti og ætti að fara í.

Óskað var eftir við Umhverfisstofnun að gerð yrði verndaráætlun fyrir fólkvanginn og stjórnunaráætlun nýttist mjög vel inn í þá vinnu. Umhverfisstofnun hafði þá ekki bolmagn til að fara af stað en áherslur hafa breyst og ástæða væri til að knýja aftur á um vinna að verndaráætlun fari af stað.

Stjórnin mun taka upp umræðu um stjórnunaráætlun á næstu fundum og í áætlaðri ferð í vor.

5. Reykjanes geopark

Rætt um jarðvanginn. Áherslur jarðvangsins eru maðurinn í náttúrunni. Skilmálarnir fyrir jarðvanginn verða endurskoðaðir á næsta ári en það er gert annað hvort ár. Hafnarfjörður tekur ekki þátt í samstarfi um jarðvanginn. Upplýst var að verið er að skipta um verkefnisstjóra jarðvangssins. Verkefnisstjóri jarðvangsins átti ekki heimangegt á fundinn en stefnt að því að fá hann á næsta fund og halda þá áfram umræðu um samlegðar tækifæri fólkvangssins og jarðvangsins.

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

6. Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi

Lögð fram skýrsla um vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013-2018 sem Sjálfboðaliðasamtök í náttúruvernd hafa sinnt. Umræðu frestað.

Næstu fundir 6. feb, 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:10